



Skýrsla stjórnar

Aðalfundur Hörpu var boðaður í lok apríl eins og samþykktir gera ráð fyrir, en störfum hans var frestað. Ástæðan var sú að beðið var dóms í fasteignagjalda-máli Hörpu gegn Þjóðskrá og Reykjavíkurborg, enda ráðast rekstrarhorfur Hörpu af niðurstöðu hans. Fasteignagjöld ársins 2015 eru kr. 377 milljónir sem jafngildir upphæðin u.þ.b. 40% af eigin tekjum hússins sem er afar íþyngjandi fyrir reksturinn. Aðalmeðferð hófst í málinu þann 17. mars fyrir Héraðsdómi sem kvað upp dóm þann 12. maí síðastliðinn og tapaði Harpa málinu. Í kjölfarið ákvað stjórn Hörpu að áfrýja dómnum til Hæstaréttar að fengnu álitni tveggja lögmannsstofa.

Fasteignamálið snýst fyrst og fremst um forsendur útreikninga á fasteignagjöldum og því er rétt að rifja upp að matsgerð tveggja dómkvaddra matsmanna skilaði niðurstöðu í júní 2014 þar sem fasteignin var metin á 10 milljarða króna, væri matið nýtt til grundvallar fasteignagjalda myndi gjaldið lækka til muna. Matsgerðin verður nú send Hæstarétti og gagnaðila, og málið var þingfest í gær, 2. sept. Dóms er þó tæpast að vænta fyrir en næsta vor. Karl Axelsson hjá lögmannsstofunni Lex rekur málið fyrir Hörpu.

Í október 2014 funduðu formaður stjórnar og forstjóri með Eigendanevnd Hörpu. Upplýstu þau nefndina um rekstur Hörpu, stöðu málaferla vegna fasteignamats, kostnaðarstýringu og ýmis önnur mál. Í vor voru einnig hliðstæðar upplýsingar lagðar fyrir fjármálaráðherra, borgarstjóra og fjárlaganefnd Alþingis og má því segja að eigendur séu vel upplýstir um stöðuna.

Stjórnin hefur að öðru leyti unnið að því að bæta rekstur Hörpu, styrkja upplýsingaöflun um hann og festa húsið í sessi sem miðstöð mannlífs og menningar á Íslandi. Margvísleg tækifæri eru til aukinnar tekjuöflunar í rekstrinum, einkum vegna sívaxandi umferðar ferðamanna í Hörpu. Einnig hefur mikil áhersla verið á kostnaðarstýringu þvert á sölu og framkvæmdahlið rekstursins.

Austurhlið Hörpu var vígð þann 6. febrúar og nú má loks segja að Harpa sé fullkláruð. Um er að ræða stórkostlegt 600 fermetra rými sem býður upp á ótal möguleika. Upphaflegir leigjendur rýmisins gátu ekki efnt samning þann sem gerður var við þá en væntingar eru um að fá nýja leigjendur síðar á yfirstandandi ári.

Reykjavíkurborg og eigendur hótellóðarinnar við Hörpu boðuðu til blaðamannafundar þann 14. apríl 2015 þar sem greint var frá því að náðst hafa samningar um kaup bandaríska fasteignafélagsins Carpenter & Company á byggingarétti fyrir hótél við Hörpu. Þann 20. ágúst var svo undirritaður samningur milli Carpenter & Co og Marriott hótélkeðjunnar vegna hótelsins á Hörpureitnum. Hótelið mun verða svokallað Marriott Edition hótél í háum gæðaflokki. Uppbygging hótels á svæðinu verður jákvæð fyrir starfseminu í Hörpu í tengslum við menningarviðburði, ráðstefnuhald og ferðaþjónustu. Auk þess verður leitað leiða eftir samvinnu á fleiri sviðum.

Skuldabréf greiðslumiðlunarinnar Hring, dótturfélags Hörpu, voru tekin til viðskipta í Kauphöll Íslands. Útbúin var útgáfulýsing og önnur því tilheyrandi skjöl. Sampykki Fjármálaeftirlits var aflað og auglýsing birt 22.september 2014. Í því sambandi bar að setja upp innri endurskoðunarnefnd fyrir Hring, en stjórnin ákvað að sú nefnd skyldi líka þjóna sem innri endurskoðunarnefnd Hörpu. Sigurður Þórðarson, fyrrverandi ríkisendurskoðandi, féllst á að taka að sér formennsku í nefndinn, en þar sitja auk hans tveir stjórnarmenn Hörpu.

Á yfirstandandi ári urðu breytingar í framkvæmdaráði Hörpu. Helga Thors lét af störfum sem markaðsstjóri og var ráðin til Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi. Steinunn Birna Ragnarsdóttir var ráðin óperustjóri Íslensku óperunnar en hún hefur starfað sem tónlistarstjóri tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu frá því að húsið var opnað. Hún tók til starfa hjá Óperunni þann 1. júní síðastliðinn. Í framhaldinu hefur átt sér stað umræða um hvernig best væri fyrir komið listrænni stjórnun í Hörpu. Tónlistarlífið er einn mikilvægasti kjarninn í starfseminni, annars vegar er um að ræða útleigu húsakynna og hins vegar stjórn eigin viðburða. Ákveðið hefur verið að á meðan rekstur Hörpu er í óvissu, vegna fasteignamála, verður dregið úr þeirri fjárhagslegu áhættu sem eigin tónlistarviðburðir hafa í för með sér. Þá var ákveðið að opna umræðuna um skynsamlegt fyrirkomulag listrænnar stjórnunar í húsinu. Meðal annars var málið rætt á fundi með Listráði Hörpu sem hélt afar ánægjulegan stefnumótunarfund þann 29. maí. Mikilvægt samtal um listræna stjórnun mun halda áfram og fundin á því lausn sem sæmir húsinu.

Stjórnin hefur að undanfögnu unnið að mótun stefnu og framtíðarsýnar með áherslu á nokkra lykilþætti, m.a. að Harpa sé alþjóðlegt kennileiti og hún verði:

- Alþjóðlega þekkt sem eitt af bestu tónlistarhúsum heims og óumdeildur vettvangur fyrir blómlegt tónlistarlíf í landinu.

- Meðal eftirsóttustu staða í Norður-Evrópu fyrir meðalstórar alþjóðlegar ráðstefnur.
- Vinsæll viðkomustaður erlendra ferðamanna sem verja þar hluta af gjaldeyri sínum og upplifa þar menningu og einstakt menningarhús.
- Hús allra landsmanna og þjóðarstolt Íslendinga sem njóta þeirrar menningar og lífsgæða sem Harpa hefur upp á að bjóða.

Þá er gert ráð fyrir að rekstur Hörpu verði sjálfbær og gefi auk þess svigrúm til viðhalds og stöðugar endurnýjunar húss og tækjakosts, þar starfi fyrsta flokks starfsfólk sem líður vel í vinnunni og veitir notendum hússins framúrskarandi þjónustu.

Framtíðarhorfur Hörpu eru bjartar, komast þarf til botns í fasteignagjaldamálinu en vinna um leið þann sóknarleik sem mikilvægur er til þess að sú sýn sem lagt er upp með verði að veruleika.

Stjórnin þakkar forstjóra og starfsmönnum Hörpu fyrir samstarfið með von um að baráttugleði einkenni starfið hér eftir sem hingað til. Næstu ár er stefnt að sjálfbærum rekstri Hörpu og mun það takast með samstilltu átaki allra þeirra sem að koma.



Stjórn Hörpu: Vilhjálmur Egilsson, Ásta Möller, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Svanhildur Konráðsdóttir, Kjartan Örn Ólafsson.

Guðfinna S. Bjarnadóttir
Stjórnarformaður Hörpu